

AUGLÝSING

um deiliskipulag 5 ha spildu í landi Efri-Kvíhólma, Rangárþingi eystra.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra á fundi sínum 12. júní 2008, deiliskipulag 5 ha spildu í landi Efri-Kvíhólma, Rangárþingi eystra.

Deiliskipulagið felur í sér byggingarreiti undir allt að 400 m² íbúðarhús og allt að 100 m² gestahús, auk allt að 500 m² skemmu (hesthúss).

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 2. júní 2009.

F.h. Rangárþings eystra,

Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 16. júní 2009